

**Sp.**

## **44. Fyrirspurn**

[44. mál]

til utanríkisráðherra um áhrif hins háa byggingarkostnaðar nýju flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli á rekstrarútgjöld fyrirtækjanna sem eru þar leigutakar og á viðbótargjaldheimtu af farþegum.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Hver er sú leiga sem einstök fyrirtæki greiða fyrir aðstöðu í flugstöðinni?
2. Hvenær var ákvörðun tekin um leigugjaldið og hver tók þá ákvörðun? Hvaða forsendur liggja til grundvallar leigugjaldinu og hve miklu lægri væri leigan ef upphafleg áætlun um byggingarkostnað hefði staðist?
3. Hvaða fyrirtæki hafa ákveðið að nota minna rými í flugstöðinni vegna hinna háu leigugjalda og hvaða fyrirtæki hafa rætt við fulltrúa stjórnvalda um afleiðingar hinnar háu leigu á rekstur fyrirtækjanna? Hvernig hyggst ráðuneytið bregðast við rekstrarvanda þessara fyrirtækja og minni leigutekjum ef fleiri fyrirtæki minnka við sig í flugstöðinni?
4. Hvaða viðbótargjöld hafa verið lögð á farþega sem fara um flugstöðina? Hvað á sú gjaldtaka að standa lengi? Eru horfur á að farþegum, sem fara um flugstöðina, verði gert að greiða enn hærri gjöld á næstu árum vegna hins háa byggingarkostnaðar?
5. Hver er áætlaður árlegur rekstrarkostnaður flugstöðvarinnar á næstu árum og hver er hlutur
  - a. fyrirtækjanna sem leigja þar aðstöðu og
  - b. farþeganna sem þar fara um til að standa straum af þessum kostnaði?
6. Hverjar verða árlegar greiðslur á næstu 10 árum vegna afborgana og vaxta af erlendum lánum sem Íslendingar tóku til að fjármagna byggingu flugstöðvarinnar og hve mikið af þessum árlegu greiðslum á að fjármagna með
  - a. leigugjöldum,
  - b. gjöldum á farþega og
  - c. framlögum frá annarri gjaldheimtu ríkisins sem ákveðin verður með fjárlögum?
7. Eru líkur á því að byggingarkostnaður flugstöðvarinnar hækki enn á næstu árum vegna framkvæmda við hana eða í nágrenni hennar sem bókfærðar verða sem kostnaður við flugstöðina?

**Skriflegt svar óskast.**